



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2023

2312010SA VRB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt aðkomu að vinnunni á fyrri stigum og þakkar þann bæði innviðaráðuneytinu og Byggðastofnun fyrir samstarfið. Í ljósi þess að þann 5. desember sl. var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 vill sambandið vekja á verkefni 11 sem fjallar um búsetufrelsi. Þar segir í verkefnislýsingu:

*„Skoðað verði sérstaklega hvort ástæða sé til breytinga á lögum um lögheimili og aðsetur í tengslum við markmið um búsetufrelsi. Við lagabreytingar verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt sé að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum sé skylt að veita þjónustu við íbúa.“*

Í nefndaráli umhverfis- og samgöngunefndar um málið segir jafnframt um þetta atriði:

*„Nefndin fagnar því að ráðuneytið hyggist skoða möguleika á auknu búsetufrelsi íbúa sveitarfélaga. Það er hins vegar grundvallaratriði að slíkar breytingar skerði ekki sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, sbr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, eða taki völdin af sveitarfélögum í skipulagsmálum þar sem þau hafa lögbundið hlutverk.“*

Í tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, sem nú er til meðferðar á Alþingi, segir jafnframt um búsetufrelsi.

*„Með búsetufrelsi er ekki átt við að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabygging.“*

Með vísan til framangreindra sjónarmiða bæði innviðaráðuneytisins og Alþingis telur sambandið þörf á að skerpa á því í skjalinu að skipulag sveitarfélaga hafi grundvallarþýðingu varðandi það hvar sveitarfélögum sé skylt að veita þjónustu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Valgerður Rún Ben.*

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur